

## Erindi skógræktarstjóra á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands 2. september 2016

Ákveðið var að sameina Skógrækt ríkisins og landshlutaverkefnið í skógrækt í eina stofnun - Skógræktina

Segja má að þar með hafi ríkisstofnunin í skógrækt endurheimt sitt upphaflega nafn.

Í skrifum fram til um 1940 var alltaf talað um skógræktina

Nafnið Skógrækt ríkisins kom fyrst fram við fyrstu heildarendurskoðun skógræktarlaga 1940.

Væntanlega til að reyna að aðgreina ríkisstofnunina frá hinni skógræktinni sem þá var orðin til, Skógræktarfélagi Íslands

Eins og við vitum öll, þá hefur aldrei tekist að koma í veg fyrir að skógræktunum væri ruglað saman. Það gerði sem sagt ekkert gagn að kalla aðra þeirra Skógrækt ríkisins. Og það tók okkur 76 ár að fatta það.

Það er dæmi um þolinmæði á mjög háu stigi, eiginlega vítaverða þolinmæði.

Nafnið Skógræktin er því viðurkenning á málvenju, auk þess að draga fram að hin nýja stofnun er ekki sú sama og Skógrækt ríkisins var. Skógræktin er mun öflugri stofnun og mun ná miklu betri árangri en hinar sundruðu stofnanir sem fyrir voru, í að auka og efla skógrækt.

Þegar við sameinuðum 1. júlí s.l. vildum við á aðalskrifstofu halda uppá tímamótin með því að hafa eitthvað með kaffinu. Við pöntuðum rjómatertu, sem kom í fínu hvítu boxi. Og á boxinu stóð stórum og skýrum stöfum – Skógræktarfélagið.

Við höfum frá því að ég tók við sem skógræktarstjóri í byrjun árs verði að vinna að mótun nýrrar stofnunar og erum komin vel áleiðis með það. Allt starfsfólkið hefur tekið þátt í ferlinu og ég verð að segja að þetta er frábær hópur.

Komin er stefna nýrrar stofnunar og skipurit

Ráðnir hafa verið tveir nýir sviðsstjórar og fagmálastjóri.

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir skógarauðlindasvið – lýsa

Hreinn Óskarsson – samhæfingarsvið – lýsa

Aðalsteinn Sigurgeirsson – fagmálastjóri – lýsa

Í næstu viku verður ráðinn nýr sviðsstjóri rannsóknasviðs í stað Aðalsteins

Í framhaldinu koma svo nýr skógarvörður á Suðurlandi og nýr skógræktarráðgjafi á Vesturlandi

Þetta er staða mála.

Þegar þessum samrunafasa er lokið er það bjargföst trú mín að úr verði öflug og góð stofnun sem vinnur að framgangi skógræktar með fagmennsku, samvinnu og framsækni að leiðarljósi.